

REGLUGERÐ

um afmörkun siglingaleiða, svæði sem ber að forðast og tilkynningaskyldu skipa fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Markmið.

Reglugerð þessi og viðaukar hennar miða að því að auka öryggi við siglingar og vernda efnahagslega og líffræðilega mikilvægar slóðir á því hafsvæði sem ákvæði hennar ná til með því að beina skipaumferð á afmarkaðar öruggar siglingaleiðir og takmarka umferð skipa yfir þeim stærðarmörkum sem tiltekin eru í reglugerðinni og skipa sem flytja hættulegan og mengandi farm um viðkvæmt hafsvæði.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi og viðaukar hennar ná til allra skipa sem falla undir ákvæði alþjóðasamnings um öryggi mannlífa á hafinu, SOLAS, frá 1. nóvember 1974 með síðari breytingum, þ.e. allra farþega- og flutningaskipa stærri en 500 brúttótonn í millilandasiglingum. Undanskilin eru herskip, hjálparskip herflota, eða önnur skip í eigu eða útgerð ríkisstjórnar samningsaðila sem eru eingöngu starfrækt í þjónustu hins opinbera og ekki í atvinnuskyni, sbr. reglu 1.1 í V. kafla alþjóðasamningsins um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS).

Ákvæði um aðskildar siglingaleiðir gilda um öll skip.

Tilkynningaskyldukerfið (TRANSREP) tekur ekki til fiskiskipa með veiðiheimild í efnahagslögsögu Íslands og rannsóknarskipa.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð er merking orðanna hættuleg efni og eiturefni með eftirfarandi hætti:¹

a. Öll efni, hráefni og vörur sem eru flutt með skipi sem farmur og um getur í 1. til 7. tölulið:

1. olía sem fellur undir I. viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 með breytingum frá 1978 og áorðnum breytingum (MARPOL 73/78)
2. fljótandi eiturefni sem falla undir II. viðauka MARPOL 73/78
3. hættuleg fljótandi efni sem falla undir ákvæði 17. kafla alþjóðakóða frá 1983 um smíði og búnað skipa sem flytja hættuleg efni í búlka, með áorðnum breytingum (IBC CODE)
4. varasöm, hættuleg og skaðleg efni, hráefni og vörur sem falla undir alþjóðakóða um siglingu með hættulegan farm, með áorðnum breytingum (IMDG CODE)
5. lofttegundir í fljótandi formi sem talðar eru upp í alþjóðakóða frá 1983 um smíði og búnað skipa sem flytja fljótandi lofttegundir, með áorðnum breytingum (IGC CODE)
6. fljótandi efni sem hafa kveikjumark undir 60°C
7. föst efni sem hafa í för með sér hættu af efnafræðilegum toga og falla undir kóða um örugga meðhöndlun búlkafarma í föstu formi að því marki sem þessi efni falla einnig undir ákvæði IMDG-kóðans þegar þau eru flutt í pökkuðu formi.

b. Leifar efna í búlka sem vísað er til í 1. til 3. og 5. til 7. tölul. í a-lið.

Flutningur í búlka er flutningur á efni í lausu formi í farmgeymum skipa. Búlki nær ekki yfir vörur í pökkuðu formi, þar með taldir lausir geymar og gámar í farmi skipa, né heldur yfir leifar af farmi sem áður var fluttur í skipi.

¹ Stuðst er við skilgreiningu í alþjóðasamningi um bótaskyldu og skaðabætur í tengslum við flutning hættulegra efna og eiturefna sjóleiðis frá 1996 (International Convention on Liability and Compensation for Damage in Connection with the Carriage of Hazardous and Noxious Substances by Sea, 1996 - HNS Convention).

4. gr.

Leiðastjórnunarráðstafanir.

Afmörkuð eru þrjú hafsvæði sem ber að forðast (*areas to be avoided*): Selvogsbankasvæðið, Fuglaskerjasvæðið og Syðra-Hraunssvæðið, sbr. mörk svæða í I. viðauka.

Einungis skal siglt fyrir Reykjanes að og frá höfnum við Faxaflóa um eftirfarandi afmarkaðar siglingaleiðir:

- a. *Innri siglingaleið* til og frá Faxaflóa liggur milli Selvogsbankasvæðis og Fuglavskerjasvæðis. Leiðin er tvístefnuleið (*two way route*). Norður af Garðskaga eru aðskildar siglingaleiðir (*traffic separation scheme*). Stjórnendum allra skipa, án tillits til stærðar þeirra eða notkunar, er skylt að haga siglingu í samræmi við fyrirmæli 10. reglu alþjóðasiglingareglna þar sem aðskildar siglingaleiðir eru í gildi. Siglingaleiðin er 3 sjómílur á breidd. Skip í siglingaleiðinni skulu ætíð hafa leiðarmiðjuna á bakborða.
- b. *Ytri siglingaleið* til og frá Faxaflóa liggur sunnan og vestan Fuglaskerjasvæðis yfir Reykjanes hrygg og til norðurs/suðurs. Aðskildar siglingaleiðir eru í suðurenda tvístefnuleiðarinnar. Skip í siglingaleiðinni skulu ætíð hafa leiðarmiðjuna á bakborða.

Forðast skal að sigla skipum sem falla undir reglur þessar inn á afmörkuð svæði samkvæmt 1. mgr. Það tekur þó ekki til skipa sem taka höfn á Selvogsbankasvæði, farþegaskipa á tímabilinu 1. maí til 1. október og skipa allt að 20.000 BT sem hvorki flytja hættuleg efni né eiturefni í búlka eða farmtönkum og hafa heimild til að sigla innri leið skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar. Slíkum skipum er heimil sigling um Selvogsbankasvæðið fyrir sunnan 63°45'N. Við siglingu slíkra skipa yfir Selvogsbankasvæðið ber skipstjórnarmönnum að sýna fyllstu aðgát og taka sérstaklega tillit til veðurs og veður- og ölduspár ef um álandsvind er að ræða.

5. gr.

Siglingar um ytri leið.

Öllum skipum stærri en 5.000 brúttótonn og öllum skipum sem flytja hættuleg efni og eiturefni í búlka eða í farmtönkum skal siglt um ytri leið skv. 4. gr. nema heimilt sé að sigla þeim um innri leið samkvæmt 6. gr.

6. gr.

Siglingar um innri leið.

Heimilt er að sigla tankskipum allt að 5.000 brúttótonnum að stærð sem flytja gasfarm eða jarðolíu með hámarksseigju² (*kinematic viscosity*) 11,0 cSt við 40°C um innri leið skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. Skipstjóri skal uppfylla skilyrði sem sett eru í b-lið 2. mgr. þessarar greinar og eru skilyrði um gildi siglingaheimildar hin sömu og þar eru tiltekin.

Heimilt er að sigla farþegaskipum óháð stærð þeirra um innri leið á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.

Heimilt er að sigla skipum frá 5.000 til og með 20.000 brúttótonnum um innri leið að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a. skipið flytji ekki hættuleg efni eða eiturefni í búlka eða í farmtönkum og
- b. skipstjóri skal hafa sótt námskeið Siglingastofnunar Íslands og fengið siglingaheimild fyrir innri leið. Skilyrði þess að geta sótt slíkt námskeið er að skipstjóri hafi á undangengnum 18 mánuðum siglt sex sinnum áfalla- og athugasemdalaust til hafna við Faxaflóa sem skipstjóri eða yfirstýrimaður. Siglingaheimild skipstjóra fellur úr gildi ef 24 mánuðir líða án þess að skipstjórinn sigli skipi til hafna við Faxaflóa.

2 Sbr. ISO 8217:2005.

7. gr.

Tilkynningar.

Tilkynna skal vaktstöð siglinga um ferðir skipa sem falla undir reglugerð þessa og sigla inn á Selvogsbankasvæðið og um áætlaða siglingu með minnst fjögurra klukkustunda fyrirvara eða í síðasta lagi þegar látið er úr höfn ef siglt er frá höfnum við Faxaflóa eða höfnum innan Selvogsbankasvæðisins. Undanþegin slíkum tilkynningum eru skip í reglubundnum, daglegum siglingum innan svæðisins.

Vaktstöð siglinga skal tilkynnt um för allra sem hafa undanþágu til siglinga um innri leið skv. 6. gr. með minnst fjögurra klukkustunda fyrirvara eða þegar látið er úr höfn við Faxaflóa eða innan Selvogsbankasvæðisins.

8. gr.

Undanþágur.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum reglugerðarinnar tímabundið við sérstakar aðstæður, svo sem ef skip þarf að leita neyðarhafnar eða í skipaafdrepp, ef skip þarf að leita í var vegna sjóbúnaðar á farmi, ef skip er með biluð siglingatæki eða vegna annarra slíkra atvika.

9. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 13. gr. laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga, 12. gr. laga um vitamál nr. 132/1999 og lögum nr. 7/1975 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972 með síðari breytingum, tekur gildi 1. júlí 2008 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Leiðastjórnunarráðstafanir þessar eru í samræmi við fyrirmæli Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (*IMO*) í samþykkt hennar A.572 (*Ships' Routeing*), 10. reglu alþjóðasiglingareglanna og voru þær samþykktar á 83. fundi siglingaöryggisnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (*Maritime Safety Committee*) í október 2007.

Leiðastjórnunarráðstafanir þessar eru birtar í tilkynningum til sjófarenda (*Notices to Mariners*).

I. VIÐAUKI**NÝJAR AÐSKILDAR SIGLINGALEIÐIR UNÐAN SUÐVESTURSTRÖND ÍSLANDS.**

(Viðmiðunarsjókort: Íslenskt kort nr. 31 (INT 1105) Dyrhólaey – Snæfellsnes (ný útgáfa júní 2004.) *Skýring:* Kortid byggist á *World Geodetic System 1984 Datum* (WGS-84)).

Lýsing á aðskildu siglingaleiðunum

I. hluti *Aðskildar siglingaleiðir norðvestur af Garðskagavita.*

Leiðastjórnunarráðstafanir felast í aðskildum siglingaleiðum norðvestur af Garðskagavita með tengdum tvístefnuleiðum á hvorum enda.

Svæði sem skilur að einstefnuleiðir markast af línu sem tengir eftirtalda staði:

- 1) 64°09,02'N, 022°41,40'V
- 2) 64°09,02'N, 022°49,60'V
- 3) 64°07,03'N, 022°53,25'V
- 4) 64°06,65'N, 022°52,14'V
- 5) 64°08,40'N, 022°48,92'V
- 6) 64°08,40'N, 022°41,40'V

Einstefnuleið fyrir umferð til norðausturs/austurs hefur verið mörkuð milli svæðis sem skilur að einstefnuleiðir og línu sem tengir eftirtalda staði:

- 7) 64°05,91'N, 022°50,06'V
- 8) 64°07,20'N, 022°47,51'V
- 9) 64°07,20'N, 022°41,40'V

Einstefnuleið fyrir umferð til vesturs/suðvesturs hefur verið mörkuð milli svæðis sem skilur að einstefnuleiðir og línu sem tengir eftirtalda staði:

- 10) 64°10,26'N, 022°41,40'V
- 11) 64°10,26'N, 022°50,94'V
- 12) 64°07,80'N, 022°55,46'V

Lýsing á tvístefnuleiðunum

Tvístefnuleið fyrir umferð til austurs/vesturs norður af Garðskaga hefur verið mörkuð með línunum sem tengja eftirtalda staði:

- 9) 64°07,20'N, 022°41,40'V 10) 64°10,26'N, 022°41,40'V
- 13) 64°10,26'N, 022°33,26'V
- 14) 64°07,20'N, 022°33,26'V

Tvístefnuleið fyrir umferð til norðausturs/suðvesturs vestur af Garðskaga hefur verið mörkuð með línunum sem tengja eftirtalda staði:

- 15) 64°05,63'N, 022°59,45'V
- 12) 64°07,80'N, 022°55,46'V 16) 64°03,54'N, 022°54,70'V 7) 64°05,91'N, 022°50,06'V

II. hluti**Aðskildar siglingaleiðir suðvestur af Reykjanesi.**

Leiðastjórnunarráðstafanir felast í aðskildum siglingaleiðum suðvestur af Reykjanesi með tengdum tvístefnuleiðum á hvorum enda.

Svæði sem skilur að einstefnuleiðir markast af línu sem tengir eftirtalda staði:

- 30) 63°31,75'N, 023°32,28'V
- 31) 63°33,90'N, 023°33,92'V
- 32) 63°31,55'N, 023°33,62'V
- 33) 63°33,69'N, 023°35,26'V

Einstefnuleið fyrir umferð til norðnorðvesturs hefur verið mörkuð milli svæðis sem skilur að einstefnuleiðir og línu sem tengir eftirtalda staði:

- 29) 63°32,00'N, 023°29,50'V
- 34) 63°34,30'N, 023°31,23'V

Einstefnuleið fyrir umferð til suðsuðausturs hefur verið mörkuð milli svæðis sem skilur að einstefnuleiðir og línu sem tengir eftirtalda staði:

- 35) 63°30,82'N, 023°36,06'V

36) 63°33,37'N, 023°38,00'V

Lýsing á tvístefnuleiðinni

Tvístefnuleið hefur verið mörkuð vestur af Reykjanesi úti fyrir suðvesturhorni Fuglaskerjasvæðisins sem ber að forðast (vestara svæðisins) með línu sem tengir eftirtalda staði: 34) 63°34,30'N, 023°31,23'V

36) 63°33,37'N, 023°38,00'V

28) 63°42,00'N, 023°37,00'V

37) 63°41,00'N, 023°43,69'V

Athugasemdir:

1.1 Öllum skipum stærri en 5.000 brúttótonn og öllum skipum sem flytja hættuleg efni eða eitrefni í búlka eða farmtönkum skal siglt um ytri leið suðvestur af Reykjanesi nema heimilt sé að sigla þeim um innri leið samkvæmt ákvæðum mgr. 1.2 og 1.4 hér á eftir.

1.2 Heimilt er að sigla skipum allt að 5.000 brúttótonnum að stærð, sem flytja ekki hættuleg efni eða eitrefni í búlka eða farmtönkum, um innri leið að uppfylltum skilyrðum sem getið er um í 1.4.

1.3 Skip frá 5.000 til og með 20.000 brúttótonnum að stærð mega sigla innri leiðina að því tilskildu að:

1. skipið flytji ekki hættuleg efni eða eitrefni í búlka eða í farmtönkum; og

2. skipstjóri hafi sótt námskeið Siglingastofnunar Íslands og fengið siglingaheimild fyrir innri leið. Til að eiga þess kost að sækja slíkt námskeið skal skipstjóri á undangengnum 18 mánuðum hafa siglt sex sinnum áfalla- og athugasemdalaust til hafna við Faxaflóa sem skipstjóri eða yfirstýrimaður. Siglingaheimild skipstjóra fellur úr gildi ef 24 mánuðir liða án þess að skipstjórinn sigli skipi til hafna við Faxaflóa.

1.4 Heimilt er að sigla tankskipum allt að 5.000 brúttótonnum að stærð sem flytja gasfarm eða jarðolíu með hámarksseigju^[1] (*kinematic viscosity*) 11,0 cSt við 40°C, um innri leið. Skipstjóri skal uppfylla skilyrði sem sett eru í mgr. 1.3.2 hér að framan.

2. Sjófarendur eiga að hafa í huga að búast má við því að fiskiskip haldi sig á svæðinu og ættu þeir því að haga siglingu sinni til samræmis við það.

3. Undantekningar sem gilda um leiðastjórnunarráðstafanirnar eru í samræmi við reglu 1.1 í V. kafla alþjóðasamningsins um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS). Undanskilin eru herskip, hjálparskip herflota, eða önnur skip í eigu eða útgerð ríkisstjórnar samningsaðila sem eru eingöngu starfrækt í þjónustu hins opinbera og ekki í atvinnuskyni. Undantekningarnar gilda ekki um aðskildu siglingaleiðirnar.

MÖRK NÝRRAR TVÍSTEFNULEIÐAR UNÐAN SUÐVESTURSTRÖND ÍSLANDS

(Viðmiðunarsjókort: Íslenskt kort nr. 31 (INT 1105) Dyrhólaey – Snæfellsnes (ný útgáfa júní 2004.) **Skýring:** Kortið byggist á World Geodetic System 1984 Datum (WGS-84)).

Lýsing á tvístefnuleiðinni í og við Húllið (innri leið):

Leiðastjórnunarráðstafanir felast í tvístefnuleið (innri leið) vestur af Reykjanesi milli Selvogsbankasvæðisins og Fuglaskerjasvæðisins sem ber að forðast og markast hún af línunum sem tengja eftirtalda staði:

18) 64°01,70'N, 022°58,30'V

19) 63°49,20'N, 022°47,30'V

20) 63°48,00'N, 022°48,40'V

21) 63°47,00'N, 022°47,60'V

22) 63°45,80'N, 022°44,40'V

23) 63°40,90'N, 022°40,20'V

26) 63°39,70'N, 022°46,70'V

27) 63°59,10'N, 023°03,50'V

MÖRK SVÆÐA SEM BER AÐ FORÐAST ÚTI FYRIR SUÐVESTURLANDI:

(Viðmiðunarsjókort: Íslenskt kort nr. 31 (INT 1105) Dyrhólaey – Snæfellsnes (ný útgáfa júní 2004.) **Skýring:** Kortið byggist á World Geodetic System 1984 Datum (WGS-84)).

MÖRK SVÆÐA SEM BER AÐ FORÐAST:

a) Fyrir Suður- og Suðvesturlandi – Selvogsbankasvæði

Svæðið sem ber að forðast markast af línunum sem tengja eftirtalda staði:

25) Dyrhólaeyjarviti 63°24,13' N, 019°07,83'V

24) S af Surtsey 63°10,00'N, 020°38,00'V

23) S af Reykjanesi 63°40,90'N, 022°40,20'V

22) SV af Reykjanesi 63°45,80'N, 022°44,40'V

- 21) Húllið SA-hluti 63°47,00'N, 022°47,60'V
- 20) Húllið NA-hluti 63°48,00'N, 022°48,40'V
- 19) SV af Litlu Sandvík 63°49,20'N, 022°47,30'V
- 18) Við Sandgerði 64°01,70'N, 022°58,30'V
- 8) NV af Garðskaga 64°07,20'N, 022°47,50'V
- 9) N af Garðskaga 64°07,20'N, 022°41,40'V
- 17) Garðskagaviti 64°04,92'N, 022°41,40'V

b) Vestur af Reykjanesi – Fuglaskerjasvæði

Svæðið sem ber að forðast markast af línunum sem tengja eftirtalda staði:

- 26) SA-horn 63°39,70'N, 022°46,70'V
- 27) N-horn 63°59,10'N, 023°03,50'V
- 28) V-horn 63°42,00'N, 023°37,00'V
- 29) SV-horn 63°32,00'N, 023°29,50'V

c) Faxaflói – Syðra-Hraunssvæði

Svæðið sem ber að forðast markast af línunum sem tengja eftirtalda staði:

- 1) SV-horn 64°10,30'N, 022°29,00'V
- 2) SA-horn 64°10,30'N, 022°20,00'V
- 3) A-horn 64°12,00'N, 022°17,50'V
- 4) NA-horn 64°14,20'N, 022°20,00'V
- 5) NV-horn 64°14,20'N, 022°29,00'V
- 6) V-horn 64°12,00'N, 022°31,00'V

Athugasemdir:

1. Leiðastjórnunarráðstafanirnar taka til allra skipa sem falla undir SOLAS-samninginn og eru 500 brúttótonn eða stærri. Þó er heimilt að sigla skipum um Selvogsbankasvæðið svo sem tilgreint er í 2. mgr. hér á eftir.

2. Skipum sem sigla til hafna innan Selvogsbankasvæðisins er heimil sigling um svæðið. Farþegaskip á tímabilinu 1. maí til 1. október og skip allt að 20.000 BT sem flytja hvorki hættuleg efni né eitrefni í búlka eða farmtönkum og hafa heimild til að sigla innri leið skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar mega sigla um Selvogsbankasvæðið fyrir sunnan 63°45'N.

NÝ TILKYNNINGASKYLDA SKIPA SEM SIGLA INN Á SELVOGSBANKASVÆÐIÐ SEM BER AÐ FORÐAST UNÐAN SUÐUR- OG SUÐVESTURSTRÖND ÍSLANDS**SIGLINGAÖRYGGISNEFND IMO**

HEFUR HUGFASTAN b-lið 28. gr. samþykktarinnar um Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMO) um starfssvið nefndarinnar,

HEFUR EINNIG HUGFASTA 11. reglu V. kafla alþjóðasamnings um öryggi mannlífa á hafinu, SOLAS 1974, í tengslum við samþykki tilkynningaskyldukerfa skipa af hálfu stofnunarinnar,

HEFUR ENNFREMUR HUGFASTA ályktun nr. A.858(20) þar sem kveðið er á um að það sé hlutverk nefndarinnar að samþykkja tilkynningaskyldukerfi skipa fyrir hönd stofnunarinnar,

AÐ TEKNU TILLITI TIL leiðbeininga og viðmiðunarreglna um tilkynningaskyldukerfi skipa sem samþykkt var með ályktun siglingaöryggisnefndar MSC.43(64), sem breytt var með ályktunum MSC.111(73) og MSC.189(79),

AÐ ATHUGUÐUM tilmælum undirnefndar um siglingafræðileg málefni (NAV) á fimmtugasta og þriðja fundi sínum,

1. SAMÞYKKIR, í samræmi við 11. reglu í V. kafla SOLAS hið nýja tilkynningaskyldukerfi skipa „undan suður- og suðvesturströnd Íslands“;

2. ÁKVEÐUR að tilkynningaskyldukerfi skipa „undan suður- og suðvesturströnd Íslands“ öðlist gildi kl. 00.00 að heimstíma (UTC/GMT) 1. júlí 2008; og

3. FER ÞESS Á LEIT við framkvæmdastjóra IMO að hann komi þessari ályktun á framfæri við aðildarríkin og ríkisstjórnir aðildarríkja að SOLAS-samningnum frá 1974.

NÝTT TILKYNNINGASKYLDUKERFI SKIPA „UNDAN SUÐVESTURSTRÖND ÍSLANDS“**1. Flokkar skipa sem skylt er að taka þátt í tilkynningaskyldunni.**

1.1 Eftirtöldum flokkum skipa er skylt að taka þátt í tilkynningaskyldunni:

1. Skip sem eru á leið til hafna sem liggja að Selvogsbankasvæðinu sem ber að forðast undan suðvesturströnd Íslands; og

2. Skip minni en 5.000 brúttótonn í strandsiglingum við Ísland sem hefur verið heimilað að sigla um Selvogsbankasvæðið, sunnan við breiddargráðuna 63°45' N, á leið sinni til og frá höfnum umhverfis landið og flytja ekki hættulegan, eitraðan eða mengandi farm í lausu eða í farmtönkum.

Samkvæmt SOLAS 1974 tekur tilkynningaskyldukerfi skipa ekki til herskipa, hjálparskipa herflota, eða annarra skipa í eigu eða útgerð ríkisstjórnar samningsaðila sem eru eingöngu starfrækt í þjónustu hins opinbera og ekki í atvinnuskyni.

Skipstjórnarmenn þessara skipa eru þó hvattir til að taka þátt í tilkynningaskyldunni. Tilkynningaskyldukerfið fyrir skip tekur ekki til fiskiskipa með veiðiheimild í efnahagslögsögu Íslands og rannsóknarskipa.

2. Landfræðilegt umfang kerfisins og fjöldi og útgáfur viðmiðunarsjókorta sem notuð eru til að afmarka kerfið.

Tilkynningakerfið nær yfir Selvogsbankasvæðið sem ber að forðast undan suður- og suðvesturströnd Íslands, en það er að öllu leyti staðsett innan landhelgi Íslands, og markast af línunum sem tengja eftirtalda staði:

25) Dyrhólaeyjarviti 63°24,13' N, 019°07,83' V

24) S af Surtsey 63°10,00' N, 020°38,00' V

23) S af Reykjanesi 63°40,90' N, 022°40,20' V

22) SV af Reykjanesi 63°45,80' N, 022°44,40' V

21) Húllið SA-hluti 63°47,00' N, 022°47,60' V

20) Húllið NA-hluti 63°48,00' N, 022°48,40' V

19) SV af Litlu Sandvík 63°49,20' N, 022°47,30' V

18) Við Sandgerði 64°01,70' N, 022°58,30' V

8) NV af Garðskaga 64°07,20' N, 022°47,50' V

9) N af Garðskaga 64°07,20' N, 022°41,40' V

17) Garðskagaviti 64°04,92' N, 022°41,40' V

(Viðmiðunarsjókortið, sem felur í sér svæðið með tilkynningaskyldukerfinu, er íslenska sjókortið nr. 31, (INT 1105) Dyrhólaey - Snæfellsnes (ný útgáfa júní 2004) byggt á WGS-84).

3. Snið, efni tilkynningar, tímar og staðir þar sem senda á tilkynningar, yfirvald sem senda skal tilkynningar til og þjónusta sem í boði er.

Tilkynning með titlinum „TRANSREP“ skal send til yfirvalds í landi sem er vaktstöð siglinga í Reykjavík. Tilkynningar skulu sendar með talviðskiptum á VHF.

3.1 Snið

Tilkynning skips til yfirvalds í landi skal vera í samræmi við sniðið sem mælt er fyrir um í mgr. 5.5. Upplýsingarnar sem óskað er eftir að skip sendi eru í samræmi við staðlað tilkynningasnið og tilhögun sem mælt er fyrir um í 2. mgr. viðauka við ályktun A.851(20).

3.2 Efni

Tilkynningin sem krafist er að skipið sendi til yfirvalds í landi inniheldur aðeins upplýsingar sem þjóna tilgangi kerfisins. Upplýsingar sem teljast nauðsynlegar:

A Nafn skips, kallmerki og IMO-númer

C eða D Staður skipsins (breidd og lengd eða miðað við kennileiti í landi)

E Stefna

F Hraði

G Brottfararhöfn

H Dagsetning, tími og staður þar sem siglt er inn í kerfið

I Ákvörðunarhöfn

K Dagsetning, tími og staður þegar og þar sem skipið fer úr höfn sem liggur innan ATBA-svæðisins

L Áformuð leið innan ATBA-svæðis

Komi upp bilun, mengun frá skipinu eða ef farmur fer fyrir borð kann að vera óskað eftir viðbótarupplýsingum.

3.3 Staður þar sem senda á tilkynningar

Skip sem sigla inn á ATBA-svæðið skulu tilkynna til vaktstöðvar siglinga í Reykjavík hvenær búast má við að þau sigli inn fyrir mörk kerfisins, sem tilgreind eru í 2. mgr., 4 klst. áður en komið er inn á svæðið eða þegar siglt er frá höfn í Faxaflóa. Skip sem sigla úr höfn innan svæðisins skulu tilkynna það við brottför.

3.4 Yfirvald

Yfirvald í landi er vaktstöð siglinga í Reykjavík (Maritime Traffic Service – MTS) sem Siglingastofnun Íslands starfrækir.

4. Upplýsingar sem veita á skipum og verklagsreglur sem á að fylgja.

Fylgst er með skipum, sem vart verður við, með AIS og það leysir skipstjóra þeirra engan vegin undan þeirri ábyrgð þeirra að sigla skipum sínum af fyllsta öryggi.

Eftir að skýrsla hefur verið móttækin getur vaktstöð siglinga í Reykjavík, ef óskað er, séð fyrir eftirfarandi:

- upplýsingum um siglingafræðilegar aðstæður; og - upplýsingum um veðurskilyrði.

5. Fjarskipta sem krafist er í tengslum við kerfið, tíðnir sem senda ætti tilkynningar á og upplýsingar sem ber að tilkynna.

.1	TRANSREP byggist á talviðskiptum á VHF.
.2	Vaktstöðin er kölluð upp á VHF-rás 70 (16).
.3	Ef skip getur ekki notað VHF-rás 70 (16) til þess að tilkynna um siglingu skipsins á að nota MF-DSC eða INMARSAT.
.4	Tilkynningar á að senda á ensku til vaktstöðvar siglinga í Reykjavík og, ef þörf krefur, á að nota staðlaðan orðtakalista Alþjóðsiglingamálastofnunarinnar (IMO) um viðskipti skipa (<i>IMO Standard Marine Communication Phrases</i>).
.5	Upplýsingar sem tilkynna á um:
A	Nafn skips, kallmerki og IMO-númer

C eða D Staður skipsins (breidd og lengd eða miðað við kennileiti í landi)

E Stefna

F Hraði

G Brottfararhöfn

H Dagsetning, tími og staður þar sem siglt er inn í kerfið

I Ákvörðunarhöfn

K Dagsetning, tími og staður þegar og þar sem skipið fer úr höfn sem liggur innan ATBA-svæðisins

L Áformuð leið innan ATBA-svæðis

6. Reglur og reglugerðir í gildi innan svæða sem kerfið nær til.

Viðkomandi lög í gildi eru m.a. landslög og reglugerðir sem hrinda í framkvæmd samþykkt frá 1972 um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, alþjóðasamningi frá 1974 um öryggi mannlífa á hafinu og alþjóðasamningi frá 1973 og bókun frá 1978 um varnir gegn mengun frá skipum.

7. Aðstaða í landi sem styður við rekstur kerfisins.

Vaktstöð siglinga í Reykjavík (Maritime Traffic Service – MTS)

- Vaktstöð siglinga er búin sjálfvirku auðkenniskerfi (AIS) sem nær yfir allt ATBASvæðið.

- VHF-, MF-, HF- og INMARSAT-fjarskiptabúnaður;

- Sími, myndsími og tölvupóstur til samskipta, og

- Starfsfólk sem starfrækir kerfið: Vaktstöðin er mönnuð starfsfólki Landhelgisgæslunnar allan sólarhringinn.


8. Önnur tilhögun samskipta ef fjarskiptakerfi vaktstöðvarinnar bila.

TRANSREP er búið nægilega öflugum varabúnaði til að bregðast við venjulegum bilunum á búnaði.

[1] Sbr. staðal ISO 8217:2005.

II. VIÐAUKI

Kort sem sýnir afmörkun siglingaleiða, svæði sem ber að forðast og mörk tilkynningaskyldu skipa fyrir Suðvesturlandi.



Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.